

Ár 1974, mánudaginn 7. janúar, var í málinu nr. 50/1973  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd avohljóðandi

#### Á r æ k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með afsali, dags. 18. ágúst 1972, eignaðist félagið Judokan h/f hluta fasteignarinnar nr. 21 við Skipholt í Reykjavík. Er þar um að ræða norðvesturhluta 3. hæðar hússins, og mun þessi eignarhluti félagsins vera talinn 11,2 % fasteignarinnar í heild. Reykjavíkurborg hefur lagt fasteignas-  
skatt á ofangreinda fasteign, og af því tilefni fór Judokan h/f þessa á leit við borgaryfirvöld í bréfum, dags. 30. júlí og 13. ágúst 1973, að felld yrðu niður fasteignagjöld af unæddu húsnæði félagsins. Þeim tilmælum var hins vegar hafnað með ákvörðun borgarráðs hinn 21. ágúst.

Judokan h/f hefur kært ofangreint máli til Yfirfasteignamat-  
nefndar með bréfi, dags. 17. október 1973. Eru kröfur félagsins þar, að felld verði niður fasteignagjöld af unæddu húsnæði, og er þar vitnað til 5. gr. laga nr. 8/1972 um tækjustofna sveitar-  
félaga.

Í bréfi, dags. 12. desember 1973, er notum ofangreinds hús-  
næðis lýst þannig af hálfu Judokan h/f:

„Íþróttahús JUDOKAN að Skipholti 21, notkun árið 1972:  
Húsið er keypt eingöngu til eflingar Judo hér á landi, og einkum  
vegna Judofélaga Reykjavíkur, sem hafði húsnæði til Judoeflinga  
samtals 624 klst. árið 1972. Húsaleiga engin, en félagið sá um  
hreingerningar á því.

Árið 1973 eru afnot Judofélaga Reykjavíkur hin sömu, eða 624 k  
þar við kotasst Karate eflingar samtals 92 klst. greiðsla fyrir þær  
eflingar voru samtals kr. 23.000,00.

Þá fóru fram leikfimiðeflingar í samtals 98 klst. fyrir þær var  
greitt samtals kr. 24.500,00.

JUDOKAN sá um hreingerningar á húsinu þetta ár, brutto tækjur  
árið 1973 eru því kr. 47.500,00, frá því dregst svo kostn. vegna  
hreingerninga, og eftirlita vegna eflinganna, og hefur sá kostn.  
ekki verið gerður upp enn“.

Samkvæmt félagslögum fyrir Judokan h/f frá 24. júní 1972 er  
tilgangur félagsins kaup og rekstur fasteigna og svo íþróttastarfi-  
semi, ebr. 3. gr. í 25. gr. félagslaga eru síðan ákvæði um skipti-  
ingu arðs. Með hlífðun af þessum ákvæðum og öðrum upplýsingum, sem  
fyrir liggja, verður ekki talið nægilega fram komið, að fullnægt sé  
skilyrðum fyrir undanþágu frá fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga  
nr. 8/1972 og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

En skilyrði er þaðal annars, að hlátræði sé í eiga sama  
aðila og þá starfsemi annars, sem undanþága frá fasteignaskatt  
er bundin við, og að ekki sé holdur um rekstur í ágjáskyni að  
ræða, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglug. nr. 320/1972. Þykir þegar af  
þessum ástæðum ekki vera fyrir honni reglileg heimild til undan-  
þága frá fasteignaskatti.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Judokan h/f er skylt að svara fasteignaskatti af fasteign-  
inni Skipholtí 21.

Gudour Jörundsson

Torfi Ásgelsson

Þámi Jónsson